

Nr. 125/12 Bíldsey SH 65**Fær á sig brotsjó**

Skipaskr.nr. 2704
Smíðaður: Reykjavík 2006 plast
Stærð: brl. 29,8 bt.
Mesta lengd: 14,98 m Skráð lengd: 14,48 m
Breidd: 4,6 m Dýpt: 1,92 m
Vél: Yanmar 323 kW 2006
Fjöldi skipverja: 4

Gögn:
Gögn RNS



Bildsey©NN

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. maí 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. ágúst 2012 var Bíldsey SH 65 á siglingu við Dalatanga á leið til Neskaupsstaðar. Veður: SV 18 m/sek.

Á siglingunni fékk báturinn á sig sjó með þeim afleiðingum að neðri kantur einnar framrúðunnar í stýrishúsinu gekk inn og sjór flæddi inn á flest siglingatæki í brúnni.

Skipstjóri sneri þegar undan vindi og sjó á meðan verið var að laga til svo halda mætti siglingunni áfram. Siglt var til Seyðisfjarðar þar sem ekki gaf á bátinn á þeirri siglingu.

Við rannsókn kom fram:

- að Bíldsey SH hafði verið á veiðum utarlega á Glettinganesgrunni og búin að sigla á hægri ferð (4-5 hnútum) um 15 sml áleiðis til hafnar. Skipstjóra fannst þá að farið væri að gæta landvars og jók ferð upp í 6-8 hnúta;
- að fjara var á svæðinu um kl. 12:30 og því aðfall með suðurfalli upp í vind;
- að framrúður í stýrishúsinu voru þrjár límdar í álskúffu sem klemmd er með álskinnum í gluggaopin. Þessar rúður stóðust áfallið og brotnuðu ekki en losnaði um eina þeirra eins og að framan er lýst. Eftir atvikið var skipt um rúður og settar sex rúður í staðin fyrir þær þrjár sem fyrir voru. Hver rúða er með þreföldu 6 mm gleri þar sem tvö gler eru samlímd á plastfilmu en innan við er einangrandi loftrými og innst 6 mm glerrúða.
- að smiðir sem skiptu um rúðurnar sögðu að óeðlilega rúmt hafi verið um rúðurnar en 5 mm hlaup var á alla kanta. Rúðan á að falla alveg í opið svo að ekkert hlaup sé á milli þar sem skinnan sem klemmist yfir plastkarminn

er ekki nema 10 mm. Eingöngu var um sílikon þéttiefni í hlaup-bilinu en ekki límkiti sem hefði enn frekar fest rúðuna í gluggaopinu;

- að ekki var öldubrjótur framan á bátinum. Framgluggar eru dregnir aftur að neðan en ofan við og fram fyrir þá er skyggni í framhaldi af stýrishúspakinu. Þessi hönnun veldur meiri álagi frá afli öldunnar þar sem sjórinn flæðir síður upp fyrir stýrishúsið og þilfarið heldur við sjó sem flæðir niður. Því var nær eingöngu útlæði til hliðanna.

Nefndarálit:

Orsök atviksins má rekja til frágangs og hönnunar á glugga.